

11. september 1975.

873

Nr. 424.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bann við framúrakstri í 1. tölulið 1. málsgreinar auglýsingar um umferð í Kópavogi nr. 256 frá 30. desember 1971, falli niður.
2. Niður skal falla svohljóðandi ákvæði 2. töluliðar 1. málsgreinar sömu auglýsingar (nr. 256/1971): "Vegurinn lokist við Borgarholtsbraut nema fyrir strætisvagna og áætlunarbifreiðir með fasta viðkomu í Kópavogi, þ.e. almenn umferð til suðurs eftir vegi þessum, framhá mótum Borgarholtsbrautar, er bönnuð."
3. Bifreiðastöður á Digranesvegi, Digranesbrú og Borgarholtsbraut eru bannaðar á svæðinu frá Neðstutröð að einstefnuvegi þeim, sem liggur frá Borgarholtsbraut að Hábraut.
4. Á götunum Melgerði og Vallargerði skal vera einstefnuakstur til vesturs. Bifreiðastöður á þeim götum skulu bannaðar við norðurbrún götu, þ.e. á hægra vegarhelmingi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 11. september 1975.

Sigurgeir Jónsson.

22. september 1975.

Nr. 425.

REGLUR

um viðbótarritlaun.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1975 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðirita.

2. gr.

Úthlutun miðast við ný ritverk útgefin eða flutt opinberlega á árinu 1974. Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.

B 110